

**Greinargerð til forsætisráðherra frá
framtíðarnefnd um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga
18. janúar 2019**

Forsætisráðherra skipaði framtíðarnefnd um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga 12. júní 2018. Skipan nefndarinnar var í samræmi við fyrirætlun ríkisstjórnarinnar en kveðið er á um skipan slíkrar nefndar í stjórnarsáttmálanum. Nefndin er skipuð 11 þingmönnum og er formaður nefndarinnar Smári McCarthy. Aðrir í nefndinni eru Logi Einarsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Þorsteinn Víglundsson, Andrés Ingi Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Halla Signý Kristjánsdóttir, Inga Sæland, Líneik Anna Sævarsdóttir sem jafnframt er varaformaður, Lilja Rafney Magnúsdóttir og Njáll Trausti Friðbertsson. Með nefndinni starfa tveir starfsmenn forsætisráðuneytisins, þau Unnur Brá Konráðsdóttir og Pétur Berg Matthíasson.

Nefndinni var ætlað að fjalla um helstu tækifæri og ógnanir Íslands í framtíðinni m.t.t. langtímabreytinga á umgengni við náttúruna, lýðfræðilegra breytinga og þeirra hröðu umskipta sem eru í vændum með síaukinni sjálfvirkni. Verkefni nefndarinnar eru samkvæmt skipunarbréfi nefndarmanna:

1. Nefndin fjalli um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga, áhrif tækniframfara og hina svokölluðu fjórðu iðnbýltingu.
2. Nefndin fjalli um þróun þeirra meginstrauma sem koma til með að hafa mótandi áhrif á samfélagið til framtíðar einkum með hliðsjón af þróun umhverfismála og lýðfræðilegum þáttum.
3. Nefndin stuðli að upplýstri umræðu um tækifæri og ógnanir framtíðarinnar og verði virkur umræðuvettvangur um framtíðarfræði.
4. Nefndin fylgist með starfi vinnuhópa Samráðsvettvangs um aukna hagsæld og vinni úr niðurstöðum hópanna ef við á. Formaður framtíðarnefndar á sæti í Samráðsvettvangnum.
5. Nefndin taki til umfjöllunar niðurstöður Vísinda- og tækniráðs og vinni úr niðurstöðum ráðsins ef við á.

Nefndin er jafnframt gert að skila greinargerð um störf sín til forsætisráðherra árlega sem upplýsi Alþingi um störf nefndarinnar. Framtíðarnefnd forsætisráðherra fundaði þrisvar sinnum á síðasta ári og var síðasta fundur ársins í nóvember jafnframt vinnustofa með sérfræðingum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í framtíðarfræðum. Markmiðið sl. haust var að ná yfirsýn yfir umræðugrundvöll framtíðarnefndar, enda er nauðsynlegt að sameiginlegur skilningur ríki bæði á eðli viðfangsefnanna og þeim framtíðum sem blasa við á næstu árum.

Nefndin fundar að jafnaði í Aðalbyggingu HÍ og einkenndust tveir fyrstu fundirnir af kynningu á framtíðarfræðum, umræðum um verkáætlun og nálgun nefndarinnar á verkefnið og svo kynningum eða kveikjum frá gestum. Þeir sem hafa komi á fundi nefndarinnar eru eftirfarandi:

- Framtíðarfræði (Framtíðarsetrið): Karl Friðriksson forstöðumaður hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og forsvarsmaður Framtíðarseturs Íslands kynnti framtíðarfræði fyrir nefndinni.
- Vísinda- og tækniráð – Framtíðaráskoranir: Steinunn Halldórsdóttir sérfræðingur í menntamálaráðuneytinu og fulltrúi í samstarfshópi um málefni Vísinda- og tækniráðs hélt kynningu um ráðið og hvað það er að gera núna.
- Fjórða iðnbyltingin – Gamalt vín á nýjum belgjum? Dr. Kolbeinn Stefánsson hjá Hagstofu Íslands velti upp þeirri spurningu sem margir eru að ræða um þessar mundir í samfélaginu og það eru áhrif fjórðu iðnbyltingarinnar og áhrif gervigreindar á samfélagið.
- Hvaðan kemur ný tækni? Jökull Sólberg Auðunsson frumkvöðull heimsótti nefndina og ræddi nýsköpun og aðkomu ríkisins að slíkum verkefnum.
- Ný hugsun í stefnumótun og framtíðarsýn: Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu gerði grein fyrir þeirri vinnu sem ráðuneytið réðst í síðastliðið vor þar sem unnið var með framtíðarfræði til að móta nýja sýn fyrir málaflokka ráðuneytisins.
- Formaður stýrihóps um nýsköpunarstefnu: Guðmundur Hafsteinsson yfirmaður þróunar hjá Google sem var nýlega skipaður formaður stýrihóps um mótun nýsköpunarstefnu fyrir Ísland kom og ræddi málin.

Þriðji fundur nefndarinnar var vinnustofu með Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD). Þrjú starfsmenn Strategic Foresight Unit hjá OECD þar á meðal forsvarsmaður einingarinnar, Duncan Cass-Beggs heimsóttu Ísland um miðjan nóvember og voru með vinnustofu 15 og 16. nóvember fyrir stefnuráð og lykilsérfræðinga sem eru að vinna að langtímastefnumótun innan Stjórnarráðsins. Afrakstur vinnustofanna var aukinn þekking nefndarmanna og starfsmanna Stjórnarráðsins á framtíðarfræðum, m.a. hvernig greina skuli viðfangefni framtíðarinnar. Fram komu tillögur að verkefnum fyrir nefndina til að setja inn á verkáætlun 2019 auk þess sem finna má greiningu á tækifærum og hindrunum til að innleiða þessa nálgun innan stjórnsýslunnar. Þann 16. nóvember stóð forsætisráðuneytið og framtíðarnefndin í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands fyrir morgunverðarfundum um framtíðarmál undir yfirskriftinni: *Hvernig ætla opinberir aðilar að mæta framtíðaráskorunum?* Yfir 100 þátttakendur mættu á morgunverðarfundinn, þ. á m. fjöldi stjórnenda úr stofnunum og ráðuneytum.

Í lok árs 2018 lág fyrir tillaga að verkáætlun fyrir komandi ár þar sem lagt er til að taka fyrir þrjú viðfangsefni á árinu 2019. Ætlunin er að nálgast öll viðfangsefnin út frá sömu aðferðafræðinni sem felst í því að óska eftir 5-10 blaðsíðna greinargerð frá 3-4 aðilum með góða þekkingu á viðfangsefninu. Þessir aðilar fá síðan 8 vikur til að taka saman svör við fjórum spurningum sem nefndin leggur fyrir þá um m.a. þróun í málaflöknum næstu 15-20 árin, annars konar sviðsmyndir, nýjar áskoranir og tækifæri, nýjar stefnur og áætlanir svo að stuðla megi að framþróun og velmegun út frá mismunandi sviðsmyndum. Viðfangsefnin sem um ræðir eru:

- Þróun samfélags, 9. gr. laga um opinber fjármál
- Lofslagsbreytingar: Þróun lausna
- Aukinn ójöfnuður

Til viðbótar við þessi þrjú viðfangsefni sem lagt er til að nefndin taki til umfjöllunar er lýsing á þremur öðrum verkefnum sem hægt er að skoða í kjölfarið. Nefndin mun síðan vinna úr greinargerðum þeirra aðila sem koma fyrir nefndina auk greininga á viðbótar upplýsingum, s.s. alþjóðlegum skýrslum um framtíðarstefnur á tilteknum sviðum o.s.frv. Lýsingar á viðfangsefnum framtíðarnefndarinnar munu einnig verða settar inn á samráðsgáttina til umsagnar þannig að almenningur fái tækifæri á að taka þátt og koma með sýnar hugmyndir og ábendingar. Í kjölfarið mun nefndin taka saman stutta og hnitmiðaða samantekt fyrir forsætisráðherra.

Í samantekt OECD um vinnu sína á Íslandi með sérfræðingum úr stjórnkerfinu og framtíðarnefndinni kemur fram lýsing þátttakenda á einkennum árangursríks og víðtæks framsýnarkerfis í íslenska stjórnkerfinu sem er: *Árangursrík þátttaka og samstarf stjórnvalda og Alþingis, auk borgaralegs samfélags, til að greina og rannsaka stóru málefni sem eru í deiglu.*

Fyrir utan þessi þrjú meginviðfangsefni hefur nefndin sett sér það markmið að styrkja grundvöll fyrir framtíðarvinnu í stjórnkerfinu. Óskað verður eftir samantekt frá Stefnuráði Stjórnarráðsins en það hefur m.a. það hlutverk að vera vettvangur innan stjórnslunnar sem stuðlar að upplýstri umræðu um tækifæri og ógnanir framtíðarinnar. Ráðið á því að vera virkur umræðuvettvangur um framtíðarfræði og styðja þannig við vinnu framtíðarnefndar um áskoranir og tækifæri vegna tæknibreytinga. Óskað verður eftir eftirfarandi frá Stefnuráði:

- greining á helstu hindrunum í kerfinu til að framkvæma framtíðargreiningar
- greining á helstu styrkleikum stjórnkerfisins
- tillögur um úrræði til styrkja grundvöll fyrir framtíðarvinnu í stjórnkerfinu

Framtíðarnefnd forsætisráðherra stefnir að hafa unnið þrjár samantektir fyrir árslok 2019 sem geti reynst innlegg í stefnumótandi vinnu stjórnvalda á hinum ýmsum sviðum auk þess að setja fram tillögur um hvernig megi styrkja grundvöll fyrir framtíðarvinnu í stjórnkerfinu.